



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn, 6. desember, 2007

Ákvörðun nr. 62/2007

## **Kaup FoodCo hf. á öllum rekstri veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans**

### **1.**

Með bréfi dags. 6. september 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að FoodCo hf. (hér eftir FoodCo) hafi keypt eignir og rekstur veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans af Borgarbræðrum hf. (hér eftir Borgarbræður).

Í tilkynningunni kemur fram að FoodCo hafi keypt eignir og rekstur veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans, en með kaupunum fylgi m.a. allt lausafé og búnaður, vörulager, viðskiptavild og vörumerki veitingastaðanna. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 30. ágúst 2007, auk ýmissa gagna um aðila samrunans, s.s. samþykktir samrunaaðila og ársreikningar, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruni þessara félaga undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **2.**

Aðilar samrunans eru tveir, FoodCo og Borgarbræður. Í tilkynningunni segir að tilgangur FoodCo samkvæmt samþykktum þess sé rekstur smávöruverslunar og framleiðsla matvæla. Þá segir að félagið sé hlutafélag og starfræki og reki veitingastaðina Reykjavík Pizza Company, Aktu-Taktu, American Syle, Jolla, Pylsuvagninn í Laugardal og Pítuna á höfuðborgarsvæðinu auk veitingahússins Greifinn á Akureyri.

Fram kemur að bæði Kaffi Sólon og Sjávarkjallarinn hafi verið í eigu Borgarbræðra. Tilgangur Borgarbræðra sé samkvæmt samþykktum félagsins rekstur veitingastaða, veitingaþjónustu, veisluþjónustu og skemmtistaða. Í

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



tilkynningunni segir að Kaffi Sólon sé í senn kaffihús, bar og skemmtistaður sem býður m.a. upp á kaffi, áfenga drykki, kökur, samlokur, pasta og salöt. Um Sjávarkjallarann segir að hann sé veitingastaður sem sérhæfi sig í hágæða þjónustu og veitingum og þá einna helst í sjávarréttum.

Í tilkynningunni er vikið að aðdraganda samningaviðræðna FoodCo og Borgarbræðra í lok sumars 2007 um yfirtöku FoodCo á rekstri veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans. Þar kemur fram að FoodCo teldi „að starfsemi staðanna væri í samræmi við stefnu félagsins að breikka starfsemi félagsins og myndi falla vel inn í heildarrekstur og fyrri fjárfestingar félagsins.“ Þá segir enn fremur að kaupin geri félaginu kleift að dreifa áhættu í rekstrinum.

Að mati samrunaaðila megi skilgreina markaðinn sem aðilar samrunans starfi á sem markað fyrir veitingahús í heild, en FoodCo reki veitingahús sem selji margskonar mat. Erfitt sé að flokka veitingastaði sérstaklega eftir tegundum þar sem margir staðir bjóði upp á fjölbreytt úrval þjónustu og matar. Í tilkynningunni segir að „vegna þess hve mörkin á milli veitingastaða sem bjóða eingöngu upp á skyndibita, veitingastaða þeirra sem bjóða uppá aukna þjónustu og svo þeirra sem framreiða dýrari mat og eru með vínveitingaleyfi eru svo óljós, þá verður það lagt til grundvallar að um einn og sama markað sé að ræða, þ.e. markað fyrir sölu á tilbúnum mat.“ Þá segir í tilkynningunni að samrunaaðilar telji hinn landfræðilega markað í málinu vera staðbundinn markað vegna eðlis þeirrar þjónustu sem samrunaaðilar veiti. Verði því hinn landfræðilegi markaður í þessu máli skilgreindur sem höfuðborgarsvæðið.

Fram kemur í tilkynningunni að samrunaaðilar telji samrunann hafa lítil sem engin áhrif á markaði málsins.

### 3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari gæta fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu á tilbúnum mat. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa FoodCo á öllum rekstri veitingastaðanna Kaffi Sólin og Sjávarkjallarans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



**Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 30. ágúst 2007, keypti FoodCo hf. rekstur veitingastaðanna Kaffi Sólin og Sjávarkjallarans af Borgarbræðrum hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson